

Kristjana H Kristjánsdóttir

Frá: Auður D. Kristinsdóttir
Sent: miðvikudagur, 6. apríl 2022 09:02
Til: Erna Bára Hreinsdóttir - VG
Afrit: Einar Már Magnússon - VG; Kristján Árni Kristjánsson - VG; Bryndís Friðriksdóttir - VG; Kristjana H Kristjánsdóttir; Jóhanna Helgadóttir; Skipulag
Efni: RE: Deiliskipulag Vatnsendahæðar – Vatnsendahvarfs

Sæl Erna Bára
Takk fyrir að láta okkur vita af þessu!

Með kveðju
Auður D. Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi
Umhverfissvið | skipulagsdeild
441 0000 | audurdk@kopavogur.is



Kópavogsbær

[kopavogur.is](https://www.kopavogur.is)
Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

[Fyrirvari/disclaimer](#)

From: Erna Bára Hreinsdóttir - VG <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>
Sent: miðvikudagur, 6. apríl 2022 08:51
To: Auður D. Kristinsdóttir <audurdk@kopavogur.is>
Cc: Einar Már Magnússon - VG <einar.m.magnusson@vegagerdin.is>; Kristján Árni Kristjánsson - VG <kristjan.a.kristjansson@vegagerdin.is>; Bryndís Friðriksdóttir - VG <bryndis.fridriksdottir@vegagerdin.is>
Subject: Deiliskipulag Vatnsendahæðar – Vatnsendahvarfs

Sæl Auður.

Glöggir Vegagerðarmenn ráku augun í að með deiliskipulagi Vatnsendahæðar – Vatnsendahvarfs fylgir ekki nýjasta hljóðkort af Arnarnesvegi, enda er það merkt sem drög.

Lokaútgáfan liggur ekki fyrir en meðfylgjandi er kort sem er nærri lagi.

Breytingar sem eru í vinnslu eru að ofan á jarðvegsmönina við Arnarnesveg kemur 0,5 m há girðing og núverandi jarðvegsmön við Rjúpanveg þarf að hækka.

Ég sé ekki fyrir mér að við gerum formlega athugasemd vegna þessa en vildum bara vekja athygli ykkar á þessu.

Ef þú þarft frekari upplýsingar þá endilega hafðu samband við Einar Má eða Kristján, hér í cc.



Með kveðju,
Erna



Reykjavík 11.04.2022

Kópavogsbær
Skipulagsdeild
Digralesvegi 1
200 Kópavogur



KÓPAVOGSBÆR
Skipulags- og byggingardeild

MÓTTAKIÐ

Dags.: 26. apríl 2022

Málsnúmer: _____

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 8. apríl 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Kópavogur - Vatnsendahvarf

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. mars 2022 var lagt fram bréf Kópavogsbæjar dags. 10. mars 2022 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi. Megintilgangur deiliskipulagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda. Gert er ráð fyrir nýju íbúðahverfi með fjölbreyttu formi íbúða, leikskóla og útivistarsvæðum ásamt verslun- og þjónustu. Tillagan gerir ráð fyrir 500 íbúðum alls, þar af um 150-200 íbúðum í sérbýli, (eimbýli, raðhús/parhús). Hámarkshæð bygginga er 3 hæðir auk kjallara. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

F.h. skipulagsfulltrúa


Þuríður Guðmundsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Skipulagsfulltrúi Kópavogs
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

25.04.2022
2022-01-4/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um forkynningu á tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi

Landsneti barst þann 15. mars 2022 beiðni um að veita umsögn um forkynningu á tillögu að deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi í Kópavogsbæ. Frestur til að veita umsagnir er til 22. apríl 2022. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir nýju hverfi fyrir um 500 íbúðir á um 29 ha svæði sem liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvarfa í Vatnsenda.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Landsnet vekur athygli á að skv. kerfisáætlun fyrirtækisins er gert ráð fyrir byggingu nýrrar 220 kV háspennulínu, *Lyklafellslínu 1*, milli nýs tengivirkis við Lyklafell og tengivirki Hamraness í Hafnarfirði.

Landsnet vinnur nú að umhverfismati Lyklafellslínu 1. Þar er til mats valkostur sem felur í sér jarðstrengslögn frá tengivirki Hamraness í Hafnarfirði að tengivirki við Geitháls og loftlínu þaðan að fyrirhuguðu tengivirki við Lyklafell. Sá valkostur kæmi til með að liggja á kafla meðfram fyrirhuguðum Arnarnesvegi við jaðar skipulagssvæðisins. Á þessu stigi liggur aðalvalkostur Landsnets ekki fyrir og því er ekki grundvöllur til að fjalla um hugsanlega strenglögn í tengslum við skipulagstillöguna.

Miðað við skipulagsmörk kynntar tillögu er ólíklegt að möguleg strenglögn verði innan marka skipulagsins. Landsnet óskar þó eftir að fá skipulagstillöguna til umsagnar á öllum stigum skipulagsgerðarinnar.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson



Undirritað af:
Einar Snorri Einarsson
3101723759
Dags: 25.04.2022
Tími: 10:36:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d5e83b43-
6339-4381-aab3-
6872b7cafe04

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Helga Rún Guðmundsdóttir <Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is>
Sent: mánudagur, 25. apríl 2022 09:02
To: Smári Smáráson; Skipulag
Cc: Daníel Leó Ólason
Subject: Vatnsendahvarf - forkynning

Categories: Vistað í OneCRM; 2011714
One: -1

Sæll Smári


Veitur hafa kynnt sér forkynningu á deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf og benda á að gera þarf ráð fyrir lóðum undir dreifistöðvar á skipulagssvæðinu. Staðsetning lóðanna þarf að vera unnin í samráði við Veitur.

Veitur leggja áherslu á að deiliskipulagið verði unnið í góðu samráði og að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar.

Kær kveðja,

Helga Rún Guðmundsdóttir

Sérfræðingur í umhverfis og skipulagsmálum
Framtíðarsýn og rekstur / Veitur
Sími: 516 6000 | Farsími: 6176691 | Netfang: Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is
Veitur | www.veitur.is



Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.veitur.is/fyrirvaridisclaimer>

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Sent: mánudagur, 25. apríl 2022 08:49
To: Guðmundur G. Gunnarsson
Subject: RE: Vatnsendahvarf.

Sæll Guðmundur,
Tilfnið var umsögn um deiliskipulag um Vatnsendahvarf en hún er hér fyrir neðan.
Með kveðju
Snorri

Tilvísun í mál nr. 202203-0040 (SS).

Vísað er til bréfs frá skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar, dags. 10. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að nýju deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna gerð deiliskipulagsins þann 25. maí 2021. Í umsögninni kom fram að um raskað svæði með frekar lítið verndargildi væri að ræða. Náttúrufræðistofnun lagði til að gerð yrði könnun á náttúrufari, einkum fuglalífi og gróðurfari. Þá var bent á að plöntutegundin blátoppa, sem er á valista Náttúrufræðistofnunar frá 2018, fyndist á svæðinu. Haustið 2021 var blátoppa friðlýst samkvæmt auglýsingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

Kópavogsbær leitaði til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna úttektar á gróðurfari og fuglalífi og fór hún fram sumarið 2021 eins og fram kemur í greinargerð deiliskipulagstillögunnar. Samkvæmt úttektinni er fuglalíf á svæðinu fábreytt. Gróðurfari er að stórum hluta með lágt verndargildi, einkum tún og alaskalúpína. Hins vegar eru votlendis- og mólendisblettir og nokkrir fundarstaðir blátoppu sem forðast ætti að raska. Í úttektinni voru lögð til svæði þar sem blátoppa finnst sem lagt var til að fella inn í opin svæði í deiliskipulagstillögu frekar en að raska.

Samkvæmt deiliskipulagstillögunni verður stærstum hluta svæðisins raskað fyrir byggingarreiti og götur. Í kafla um gróður á bls. 32 kemur fram að lögð verði áhersla á að vernda vaxtarsvæði blátoppu eftir fremsta megni, bæði á framkvæmdatíma og til lengri tíma. Miðað við staðsetningu opinna svæða á skipulagsuppdrættinum virðast vaxtarstaðir blátoppu í norðausturhorni skipulagssvæðisins lenda inni á opnu svæði og eitthvað af vaxtarstöðum vestast á skipulagssvæðinu en þó ekki allir. Lagt er til í þeim tilfellum sem vaxtarstöðum er raskað að torfur með blátoppu séu færðar til innan svæðisins og komið fyrir á opnum svæðum, helst innan um annan mólendisgróður.

Stefnt er að því að fjarlægja þekju alaskalúpínu og skógarkerfils innan deiliskipulagssvæðisins til að hefta útbreiðslu þessara framandi ágengu tegunda. Það er jákvætt og sérstaklega mikilvægt í kringum vaxtarstaði blátoppu.

Mælt er með að hlífa og/eða nýta grágrýtishnullunga af svæðinu við landslagsmótun á opnum svæðum eins og við á. Grágrýtisurðin á Arnarneshæð hefur verndargildi, ekki síst vegna fræðslugildis. Einungis lítill hluti hennar lendir þó innan skipulagssvæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: Guðmundur G. Gunnarsson <gudmundurgg@kopavogur.is>
Sent: 25 April 2022 07:53
To: Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Subject: Vatnsendahvarf.

Sæll Snorri.

Ég sé að þú sendir okkur póst á skipulag@kopavogur.is – Af einhverjum ástæðum get ég ekki opnað póstinn. Vinsamlega endursendu póstinn á netfangið gudmundurgg@kopavogur.is

Með kveðju,
Guðmundur G. Gunnarsson
ritari skipulagsdeildar.
Umhverfissvið Kópavogs
Digranesvegi 1, 200 Kópavogi.
www.kopavogur.is
gudmundurgg@kopavogur.is
Sími: 441-0000, beinn sími 441-2402.



Umhverfið er okkur mikilvægt – hugsaðu þig um áður en þú prentar tölvupóstinn.

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist þér, vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Skipulag
Sent: föstudagur, 22. apríl 2022 08:49
To: 'Henny Hafsteinsdóttir'; Skipulag
Subject: RE: Vatnsendahæð Deiliskipulag - ósk um frest til að skila umsögn

Categories: Vistað í OneCRM; 2011714
One: -1

Sæl Henny.

Varðandi umsögnina, þá verða innsend gögn lögð fram á fundi skipulagsráðs 2. maí nk.

Vinsamlega skilaðu umsögninni fyrir kl. 12 á hádegi 30. apríl, svo öll gögn skili sér í fundarboði, sem er sent út þá í hádeginu.

From: Henny Hafsteinsdóttir <henny@minjastofnun.is>
Sent: föstudagur, 22. apríl 2022 08:40
To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Subject: Vatnsendahæð Deiliskipulag - ósk um frest til að skila umsögn

Góðan dag.

Vegna sérstaklega mikilla anna er afgreiðslutími okkar lengri en venjulega. Minjastofnun óskar eftir fresti til að skila inn umsögn varðandi ofnagreið mál til 3. maí 2022.

Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

Henny Hafsteinsdóttir

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis / Cultural Heritage Manager for Reykjavík
Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Íslands kulturarvsstyrelse
Suðurgata 39 | 101 Reykjavík | Sími/Tel. 5701300 | Fax: 5701301

henny@minjastofnun.is / www.minjastofnun.is



Minjastofnun
Íslands

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Guðmundur G. Gunnarsson

From: Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir - SLS <Soley.Sigurgeirsdottir@skipulag.is>
Sent: miðvikudagur, 13. apríl 2022 16:05
To: Skipulag
Subject: Deiliskipulag Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi. Forkynning. Umsögn

Categories: Vistað í OneCRM; 2011714
One: -1

Góðan daginn,

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið vinnslutillögu fyrir ofangreint deiliskipulag sbr. erindi dags. 10. mars 2022 og bendir á eftirfarandi atriði:

- Yfirfara þarf hvort deiliskipulagsmörk skarist á við mörk aðliggjandi deiliskipulagsáætlana og við deiliskipulag Arnarnesvegs, 3. áfanga sem er í vinnslu og ekki hefur tekið gildi.
- Skoða þarf hvort tilefni sé til þess að setja skilmála vegna hljóðvistar og loftgæða fyrir þau svæði sem liggja næst fyrirhuguðum Arnarnesvegi.

Með kveðju,
Sóley

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

Sérfræðingur, svið deiliskipulags / Specialist, Neighbourhood and Site Planning
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100, fax 595 4165
soley.sigurgeirsdottir@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun



Skipulagsstofnun

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Skipulagsdeild Kópavogsbæjar
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 23. mars 2022

Efni: Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi, Kópavogi

Ánægjulegt er að í Aðalskipulagi Kópavogs sé sett skýrt fram að: „Lögð er áhersla á breyttar ferðavenjur, góðar almenningssamgöngur, strætó og Borgarlínu samhliða þéttingu byggðar.“ Auk þess er í kafla 2.1 í greinargerð deiliskipulagstillögunnar talað um áherslur á vistvænar lausnir og vistlega byggð sem er ánægjulegt. Það að skipuleggja nýtt hverfi á þessum stað með litlar tengingu við almenningssamgöngur styður hins vegar ekki við þessar áherslur um breyttar ferðavenjur, góðar almenningssamgöngur og vistlega byggð. Þvert á móti ýtir það undir mikla bílaeign íbúa að langt sé í næstu stöð almenningssamgangna og að þéttasta byggðin sé ekki skipulögð næst þjónustu þeirra.


Í kafla 4.7 í greinargerðinni, sem fjallar um umferð, götur og stíga er ekki minnst á almenningssamgöngur eða tengingar við þær. Ekki er heldur minnst á almenningssamgöngur annars staðar í greinargerðinni fyrir utan að talað er um að sveitarfélagið sjái um uppbyggingu almenningssamgöngukerfis (Borgarlínu) þegar fjallað er um heimsmarkmið 11.2 í kafla 2.10. Nauðsynlegt er þegar ný hverfi eru skipulögð að hugsað sé fyrir því í skipulaginu hvernig þjónusta almenningssamgangna og tengingum hverfisins við þær verður háttað. Í aðalskipulagi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2034 (Nýju leiðaneti) sem Strætó hefur unnið í samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu er gert ráð fyrir þremur leiðum sem aka í nágrenni við Vatnsendahæð:

- Borgarlínuleið A sem mun stoppa við Rjúpnaveg, Hörðuvallaskóla og Þingmannaleið.
- Almenn leið O sem mun stoppa við Hörðuvallaskóla, Kóraveg, Elliðahvamm, Álfkonuhvarf og Tónahvarf.
- Almenn leið J sem stoppar við Jöklasel og Klyfjasel í Seljahverfi hinum megin við Arnarnesvegin.

Nýja hverfið er hins vegar staðsett þannig að engin þessara leiða nær að þjónusta hverfinu vel. Myndin hér fyrir neðan sýnir 400m rásir í kringum stöðvar þessara leiða og sjá má að stór hluti hverfisins mun vera utan 400m rásir frá stöðvum almenningssamgangna. Hverfið er allt utan 400m rásir frá stöðvum Borgarlínuleiðar A og einungis lítill hluti hverfisins er innan 600m frá þeim. Því er mjög mikilvægt að skoðaðar séu sérstaklega göngutengingar úr hverfinu við stöðvar og reynt að haga íbúðabyggðinni þannig að sem flestir íbúar muni búa vestast og syðst í hverfinu en sá hluti hverfisins er næst stöðvum sem verða með mjög góða þjónustu almenningssamgangna, við Hörðuvallaskóla og Rjúpnaveg.



strætó.is



Mynd 1: Nýja hverfið í Vatnsendahvarfi (blátt) og strætóleiðirnar í Nýju leiðaneti (rauð, blá og fjólublá) með 400m radíus í kringum stöðvar (grátt). Borgarlínuleið A stoppar við Rjúpnaveg, Hörduvallaskóla og Þingmannaleið.

Í kafla 4.4 er sýnd verslun og þjónusta í jaðri hverfisins nálægt Arnarnesvegi en það skýtur skökku við í samhengi við vistlega byggð og breyttar ferðavenjur að verslun og þjónusta séu staðsett í jaðri hverfisins þar sem það gerir það að verkum að erfiðara er fyrir fólki að komast þangað fótgangandi.

Virðingarfyllt,
Skipulagsdeild Strætó bs.



UMHVERFIS
STOFNUN

Kópavogsbær
Guðmundur G. Gunnarsson
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 20. apríl 2022
UST202203-212/A.B.
10.04.03

Efni: Forkynning - Deiliskipulag – Vatnsendahvarf - Kópavogi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogs er barst 15. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um forkynningu á deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf í Kópavogi.

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu er gert ráð fyrir sérbylum, einbýlishúsum, parhúsum og raðhúsum ásamt klasabyggingum og minni fjölbýlishúsum á 2-3 hæðum auk kjallara. Alls er gert ráð fyrir um 500 íbúðareiningum á svæðinu. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir boltavelli, leikskóla, útsýnisreit, gönguleiðum og hundagerði.

Gróðurfar

Í greinargerð kemur fram að gerð var úttekt¹ á fuglalífi og gróðurfari á Vatnsendahæð af Náttúrufræðistofnun Íslands. Rannsóknin leiddi í ljós að á svæðinu meggi finna æðplöntuna blátoppu. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021² um friðun æðplantna, mosa og fléttu er blátoppa (*sesleria albicans*) friðuð og nýtur verndar í samræmi við 1. mgr. 56. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 57. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Forsendur fyrir friðun æðplantna, þ.m.t. blátoppu, eru hversu sjaldgæfar þær eru, takmörkuð útbreiðsla þeirra, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á valista íslenskra planta.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð. Auk þess bendir stofnunin á að nauðsynlegt er í samræmi við 8. gr. og 9. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 að farið sé í rannsóknir á svæðinu og friðaðar plöntur kortlagðar, en skv. 8. gr. náttúruverndarlaga skulu ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna byggjast, eins og kostur er, á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa. Þá skal og tekið mið af því hver áhrif ákvörðunarinnar muni verða á þessa þætti. Í 9. gr. náttúruverndarlaga er tekið fram að ef hættu er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða

¹ Úttekt á fuglalífi og gróðurfari vegna deiliskipulags Vatnsendahæðar.

² <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>



UMHVERFIS

STOFNUN

sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim. Þá ber að meta áhrif á náttúru svæðis út frá heildarálagi sem á svæðinu er eða það kann að verða fyrir, sbr. 10. gr. laganna.

Í 7. gr. auglýsingarinnar segir að við töku hvers kyns ákvarðana, sem áhrif geta haft á friðaðar tegundir æðplantna, mosa og fléttna, skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar, sem nefnd eru hér að ofan. Leita skal umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd sem felur í sér röskun friðaðra tegunda æðplantna, mosa og fléttna. Umsögn þessi uppfyllir ekki umsagnarskyldu skv. 7. gr. auglýsingarinnar, sbr. 57. gr. náttúruverndarlaga. Því er nauðsynlegt fyrir sveitarfélagið að óska umsagnar stofnunarinnar á síðari stigum áður en veitt er leyfi vegna umræddra framkvæmda.

Í greinargerð kemur fram að eftir fremsta megni verður lögð áhersla á að vernda hluta svæða þar sem blátoppa vex, bæði á framkvæmdatíma og til lengri tíma. Svæði þar sem blátoppa vex hafa verið merkt inn á uppdrátt og skulu sérstaklega merkt á framkvæmdar tíma til að tryggja að því verði ekki raskað.

Umhverfisstofnun bendir á að ef friðuðum plöntum er raskað er nauðsynlegt að flytja plönturnar á aðra staði, jafnvel þar sem hinar friðuðu tegundir er að finna, byggja þær upp og vernda í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur